

ENGLISH

EN

ENSKA

YOUR FIRST STEPS IN ICELAND

Information booklet for people moving to Iceland





4. Velkomin til Íslands

8. Mikilvægt að athuga

10. Almenn réttindi
og skyldur

14. Dvalar- og
atvinnuleyfi

18. Vinna á Íslandi

22. Skattskylda

24. Heilsugæsla
og sjúkratryggingar

28. Félagsþjónusta

30. Húsnæði

32. Skólakerfið


34. Íslenskukennsla

38. Heimilisföng,
símanúmer
og netföng
helstu stofnana
og annarra
þjónustuaðila

41. Ef eitthvað
þjatar á

CONTENTS

- 5. Welcome to Iceland
- 9. Important to know
- 11. Main Rights and obligations
- 15. Residence and work permits
- 19. Working in Iceland
- 23. Taxes
- 25. Health care and insurance
- 29. Social Services
- 31. Housing
- 33. The School System
- 35. Learning Icelandic
- 39. Addresses, phone numbers and websites of important offices
- 41. In Crisis or need help?



enska / english

VELKOMIN TIL ÍSLANDS

Velkomin

Það getur verið erfitt að flytja í nýtt land en einnig spennandi. Besta leiðin til að láta sér líða vel í nýju landi er að taka þátt í samfélaginu og læra tungumálið. Þessi bæklingur er alls ekki tæmandi en hefur að geyma upplýsingar um íslenskt samfélag sem vonandi gagnast fólki að feta fyrstu skrefin á Íslandi.

Peningar

Gjaldmiðillinn er króna, ISK. Allir bankar skipta gjaldeyri. Flestar verslanir og fyrirtæki taka greiðslukort (debit og kredit) og þau má líka nota í leigubílum. Fáar verslanir taka við erlendum gjaldmiðlum. Eftir að viðkomandi hefur fundið atvinnu er mikilvægt að stofna bankareikning. Flestir vinnuveitendur borga laun beint inn á bankareikning. Bankar gera mismunandi kröfur til þeirra sem sækja um að stofna bankareikning. Allir bankar gera kröfu um að umsækjandinn sé með kennitölu og skilríki með mynd.

Bókasöfn

Bókasöfn eru öllum opin og þar er aðgangur að ýmsum upplýsingum. Á bókasöfnum er hægt að nálgast bækur á íslensku og öðrum tungumálum. Auk þess er þar hægt að lesa dagblöð, tímarit, alfræðiorðabækur, orðabækur og önnur uppflettirit. Flest bókasöfn bjóða upp á Internet aðgang.

Internet

Aðgangur að Interneti er frír á mörgum kaffihúsum í Reykjavík og víðar ef komið er með eigin tölvu. Internetaðgangur er einnig ódýr eða ókeypis hjá ferðamannamiðstöðvum, bókasöfnum, í einstaka verslunum og bönkum.



WELCOME TO ICELAND

Welcome

It is not always easy to move to a new country, but it can be an exciting experience. The best way to make Iceland feel like home is to get involved in the community and to learn Icelandic. This booklet is an outline of the things that you need to know regarding Icelandic society, and it is our hope that it makes your first steps in Iceland a little bit less confusing.

Money

The currency in Iceland is the Krona, ISK. All banks can exchange cash. Almost all shops and businesses accept debit and credit cards. It is even possible to use credit and debit cards in taxis. Most shops do not except foreign cash. When you have found a job, it will be necessary to open a bank account. Most employers pay wages by direct deposit. Each bank has its own requirements for opening bank accounts, but they all require that potential costumers have an Icelandic ID.-number (kennitala) and identification with a picture.

Libraries

Public libraries are open to everyone and are a good source of various information. In addition to Icelandic books, libraries in Iceland also have books in many other languages, magazines, newspapers and dictionaries. Most libraries also offer Internet access.

Internet

Many coffee houses in Reykjavík offer free wireless Internet connection for those who bring their own laptop computer. If you don't have a laptop, you can find Internet service at most larger tourist centres, libraries and some shops, coffee houses and banks and banks. moslarger tourist centres, libraries and some shops, coffee houses and banks.



VELKOMIN TIL ÍSLANDS

Upplýsingar

Á eftirtöldum stöðum er unnt að fá upplýsingar um allt sem varðar innflytjendamál, íslenskt samfélag, íslenskukennslu, réttindi og skyldur, og túlka- og þýðingaþjónustu:

- **Alþjóðahús**

Hverfisgata 18, 101 Reykjavík,
www.ahus.is, info@ahus.is, ☎ 530 9300

- **Alþjóðastofan**

Rósenborg, Skólastígur 2, 2. hæð, 600 Akureyri,
<http://menntasmidjan.is>, astofan@akureyri.is, ☎ 460 1234

- **Fjölmenningarsetur**

Árnagata 2-4, 400 Ísafjörður,
www.fjolmenningarsetur.is, info@mcc.is, ☎ 450 3090

- **www.island.is**

Er þjónustuvefur og leiðarvísir að opinberri þjónustu með hagnýtu efni fyrir almenning og fyrirtæki. Þar er meðal annars að finna upplýsingar fyrir innflytjendur á nokkrum tungumálum og orðskýringar. Notendur geta fundið þar nánast öll eyðublöð ríkisins og grunnupplýsingar um öll sveitarfélög og stofnanir.

- **Upplýsingar um sendiráð og ræðisskrifstofur:**

www.utanrikisraduneyti.is/sendiradur/raedisskrifstofur/erlendar/nr/41

Neyðarnúmer lögreglu og neyðarþjónust er 112

Hringdu í 112 þegar slys eða veikindi verða, þörf er á sjúkrabil, ef kviknar í eða þú verður fyrir ofbeldi.

Auk þess geta konur sem verða fyrir ofbeldi leitað til Kvænnaathvarfsins í ☎ 561 1205 eða 800 6205.

WELCOME TO ICELAND

Information and advice

The following places offer information about all aspects of immigration matters and Iceland society, including Icelandic lessons, the rights and obligations of foreigners and translation and interpretation services:

- **The Intercultural Centre**

Hverfisgata 18, 101 Reykjavík,
www.ahus.is, info@ahus.is, ☎ 530 9300

- **Akureyri Intercultural Centre**

Rósenborg, Skólástígur 2, 2 floor, 600 Akureyri,
<http://menntasmidjan.is>, astofan@akureyri.is, ☎ 460 1234

- **The Multicultural and Information Centre**

Árnagata 2-4, 400 Ísafjörður,
www.fjolmenningarsetur.is, info@mcc.is, ☎ 450 3090

- **www.island.is**

a service-oriented web portal to public services available in Iceland. The site includes information for immigrants in a several languages and a glossary of common terms. Users of the website can find most government and municipal applications and basic information from all municipalities and institutions in Iceland.

- **For information about foreign embassies and consulates in Iceland go to:**

www.utanrikisraduneyti.is/send-i-og-raedisskrifstofur/erlendar/nr/41

112

Emergency Service Telephone

For police, fire or ambulance, dial 112.

*Women who have been the victim
of a violent crime, may call 112
or the Women's Shelter at
561 1205 or 800 6205.*

MIKILVÆGT AÐ ATHUGA

Gott er að hafa eftirfarandi atriði í huga þegar komið er til landsins:

- Ert þú með kennitölu?
- Ert þú með dvalarleyfi?
- Þarft þú atvinnuleyfi?
- Ert þú með lögheimili á Íslandi?
- Ert þú með skattkort?
- Ert þú með sjúkratryggingu?
- Mikilvægt er að endurnýja tímanlega öll leyfi.
- Gögn og vottorð þurfa að vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli þýdd af löggildum skjalapýðanda.

Mikilvægi þess að hafa lögheimili

Til að eiga rétt á almennum sjúkratryggingum, félagsþjónustu, aðgangi að leikskóla, grunnskóla og fleira þarf að hafa lögheimili. Þegar skipt er um lögheimili þarf að tilkynna það til Þjóðskrár. Leitaðu upplýsinga hjá Þjóðskrá um hvert þú tilkynnir breytt lögheimili í þínu sveitarfélagi.



IMPORTANT TO KNOW

It is good to be aware of the following items and to seek answers to the following questions when you arrive in Iceland:

- Do you have an Icelandic ID.-number (kennitala)?
- Have you been issued a residence permit?
- Do you need a work permit?
- Do you have a legal address in Iceland?
- Do you have a tax card?
- Do you have health insurance?
- Remember to renew your permits on time.
- Documents and certificates have to be translated into Icelandic, English or one of the Nordic languages by a certified translator.

The importance of a legal address


To be eligible for social and health insurance, social services, schools and playschools, you must have a properly registered legal address.. When you move house you must notify The National Registry (Þjóðskrá). For further information on where, and how to correctly register your legal address, contact The National Registry (Þjóðskrá) or your local municipal office.



ALMENN RÉTTINDI OG SKYLDUR

Það fylgja því bæði réttindi og skyldur að búa á Íslandi, eins og annars staðar. Margar venjur og hefðir geta verið ólíkar á milli landa. Mikilvægt er að vita að eftirfarandi reglur gilda á Íslandi:


- Allir eru jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, lítarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.
- Á Íslandi gilda sérstök lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
- Ofbeldi er bannað með lögum, bæði innan og utan veggja heimilisins.
- Á Íslandi gilda sérstök lög er varða réttindi barna. Öllum ber skylda til að láta vita í síma 112 leiki grunur á að börn séu beitt líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi.
- Allir sem eru 18 ára og eldri mega gifta sig. Hægt er að fá skilnað þótt makinn vilji það ekki. Við skilnað er eignum venjulega skipt til helminga milli hjóna. Samkvæmt lögum er forsjá yfir börnum sameiginleg við skilnað eða sambúðarslit. Ef ágreiningur er um forsjá þarf að vísa honum til dómstóla en sýslumaður getur úrskurðað um ágreining varðandi umgengnisrétt.
- Hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis er litinn alvarlegum augum og refsing er háar fjársektir, ökuleyfissvipting og varðhald við ítrekuð brot.



MAIN RIGHTS AND OBLIGATIONS

Living in Iceland includes having both rights and obligations. Many customs and traditions vary between countries. Be aware that the following rules and regulations apply in Iceland:

- Everyone is equal under the law and is entitled to basic human rights, regardless of sex, religion, opinions, national or social origin, race, colour, economic status, ancestry or other status.
- By law, women and men in Iceland are equal.
- Violence, including any physical aggression and corporal punishment is banned by law, both inside and outside of the home.
- In Iceland, the law protects the rights of children. Everyone is required by law to report any suspected violence, be it physical, mental or sexual, to ☎ 112.
- All persons 18 years of age and older may marry. Divorces are granted even if one spouse is not in agreement. In cases of divorce, all possession and debts are divided evenly. According to the law, providence or custody of children is shared in cases of divorce or the dissolution of a common law relationship. In cases of dispute, the courts will make a judgement. The District Commissioner may make a ruling regarding the access or visitation of children.
- Speeding and driving under the influence of alcohol or drugs is considered a serious offence and the punishment is high fines, revocation of drivers' licenses and imprisonment for repeat offenders.



ALMENN RÉTTINDI OG SKYLDUR

Meðlag

Einstæðir foreldrar eiga rétt á meðlagi frá hinu foreldrinu. Tryggingastofnun ríkisins sér um að borga meðlag til einstæðra foreldra eftir úrskurð frá sýslumanni fái þeir ekki meðlag borgað frá hinu foreldrinu. Foreldrar geta einnig ákveðið fyrirkomulag meðlagsgreiðslna sín á milli eða í gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Óheimilt er að semja um lægri fjárhæð en nemur lágmarksmeðlagi. Ráðlegt er að hafa samband við sýslumann í viðeigandi umdæmi áður en leitað er til Tryggingastofnunar ríkisins. Frekari upplýsingar eru á www.tr.is.

Kennitala

Allir sem fæðast á Íslandi fá sjálfkrafa kennitölu. Þjóðskrá Íslands gefur út kennitölur en hún er lykillinn að íslensku samfélagi. Kennitalan er auðkennisnúmer einstaklings og tengist öllum hans persónulegu upplýsingum; réttu nafni, lögheimili, aldri og fjárhagsskuldbindingum. Kennitalan er 10 stafa tala; fyrstu 6 tölurnar eru fæðingardagur, fæðingarmánuður og tveir síðustu tölustafirinnir í fæðingarári. Kennitalan er alls staðar notuð til að auðkenna fólk, til dæmis í heilbrigðiskerfinu, við skráningu í skóla, í bankakerfinu og meira að segja á myndbandaleigum.

Ekki er hægt að sækja um kennitölu á eigin vegum

Ef um er að ræða ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) getur viðkomandi vinnuveitandi sótt um kennitölu en einnig er mögulegt að EES-vinnumiðlun sækji um kennitöluna eða tryggingafélag ef keypt er sjúkratrygging. Vinnuveitandi getur líka sótt um kennitölu fyrir maka.

Ef um er að ræða ríkisborgara utan EES er það oftast tryggingafélag sem sótt er um sjúkratryggingu hjá sem sækir um kennitöluna.

Sækja verður um kennitölur fyrir börn sem koma til landsins. Einungis foreldrar geta sótt um kennitölur og þarf annað þeirra að vera komið með útgefið dvalarleyfi. Fæðingavottorð viðkomandi barna verður að fylgja með þegar sótt er um kennitölu fyrir þau hjá Þjóðskrá.

ÞJÓÐSKRÁ - Borgartún 24

☎ 569 2900 - www.thjodskra.is



MAIN RIGHTS AND OBLIGATIONS

Child Maintenance Benefits

Single parents may have the right to child maintenance benefits. The State Social Security Institute (Tryggingastofnun ríkisins) pays benefits to single parents only after the District Commissioner has made a ruling. Parents may make an agreement on maintenance benefits between themselves or seek the assistance of The State Social Security Institute. Please note that it is not possible to agree on payments that are lower than the amount stated by the authorities. It is advisable to contact the local District Commissioner first. For more information, see www.tr.is.

Icelandic ID.-number (kennitala)

All children born in Iceland are automatically issued an ID.-number. The National Registry (Þjóðskrá Íslands) issues the ID.-number, which is the key to Icelandic society. The Icelandic ID.-number carries all necessary personal information, including an individual's proper name, legal domicile, birth date and financial obligations. This number is a 10-digit number. The first 6 numbers are the birthday, month and year. It is used everywhere to identify people, for instance in the health care system, for school registration, banks and even when renting a video or DVD.


Individuals may not apply for their own ID.-number

For EEA citizens, the general rule is that employers should apply for the ID.-number for their employees and the spouses of employees. The EURES-European job mobility centre and private insurance agencies may also apply for the ID.-number.

For non-EEA citizens, the general rule is that the insurance agency applies for the ID.-number when sickness cost insurance is purchased.

All children must have their own ID.-number. In order to apply for an ID.-number for children, one of their parents must already hold a residence permit. When applying for an ID.-number, parents must submit the child's birth certificate.

THE NATIONAL REGISTRY - Borgartún 24
☎ 569 2900 - www.thjodskra.is



DVALAR- OG ATVINNULEYFI

Dvalarleyfi

- *Norrænir ríkisborgarar þurfa ekki dvalarleyfi á Íslandi.*
- *Dvalarleyfi er venjulega gefið út til eins árs í senn. Dvalarleyfi sem sótt er um verður að vera í samræmi við tilgang dvalar útlendinga á Íslandi. Ólíkar reglur gilda um dvalarleyfi eftir því hvort fólk kemur frá ríkjum innan eða utan EES. Sjá nánar um dvalarleyfi á heimasíðu Útlendingastofnunar, www.utl.is og á www.island.is.*
- *Athugið! Ferðamannaáritun er ekki það sama og dvalarleyfi. Ferðamannaáritun er að hámarki veitt í þrjú mánuði og er venjulega ekki framlengd.*

Ríkisborgarar innan EES

Ríkisborgarar frá EES, fyrir utan Rúmeníu og Búlgaríu, sem ætla að dvelja á Íslandi lengur en þrjú mánuði, er heimilt að sækja um dvalarleyfi eftir komuna til landsins. Sækja verður um dvalarleyfi í samræmi við tilgang dvalar. Sjá nánar á heimasíðu Útlendingastofnunar, www.utl.is og á www.island.is.

Ríkisborgarar utan EES

Ríkisborgarar utan EES, ásamt Rúmeníu og Búlgaríu, þurfa dvalarleyfi áður en þeir koma til landsins.

Umsókn um dvalarleyfi

Dvalarleyfum er skipt í flokka eftir tilgangi dvalar. Taka þarf skýrt fram á umsóknareyðublaði í hvaða tilgangi sá sem sækir um dvalarleyfi er kominn til landsins. Ætlar hann að vinna? Koma til fjölskyldu sinnar? Eða í nám? Tilgangur dvalar ræður því um hvers konar dvalarleyfi er sótt og hvaða gögnum þarf að skila með umsókninni. Nánari upplýsingar um hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn um dvalarleyfi eru á heimasíðu Útlendingastofnunar, www.utl.is.

Dvalarleyfi fyrir maka

Maki ríkisborgara frá EES, sem hefur fengið dvalarleyfi á Íslandi, getur átt rétt á dvalarleyfi á Íslandi. Sama gildir um maka ríkisborgara utan EES sem hefur fengið dvalarleyfi sem ekki er háð neinum takmörkunum.

Dvalarleyfi fyrir börn

Foreldrar með útgefið dvalarleyfi sækja um dvalarleyfi fyrir börn sín. Fæðist barn á Íslandi þarf að sækja um dvalarleyfi fyrir það.

Framlenging á dvalarleyfi

Umsókn um framlengingu á dvalarleyfi þarf að berast Útlendingastofnun minnst einum mánuði áður en gildandi dvalarleyfi rennur út. Það er á ábyrgð einstaklinganna sjálfra að umsókn um dvalarleyfi sé lögð inn hjá Útlendingastofnun nógu snemma.

RESIDENCE AND WORK PERMITS

Residence permits

- Nordic citizens do not need a residence permit to reside in Iceland.
- Residence permits are generally issued for one year at a time. Residence permits must be in accordance with the purpose of a foreigner's stay in Iceland. The rule for issuing permits varies between citizens of the EEA and non-EEA citizens. For more information about residence permits see: www.utl.is, www.islandi.is.
- Attention! Tourist visas are not the same as permission to reside in the country. Tourist visas are never issued for more than 3 months and not usually extended.

EEA citizens

Citizens of EEA countries, with the exception of Rumania and Bulgaria, who intend to reside in Iceland for more than 3 months, may apply for a residence permit after arriving in the country. Applications for permits must be in accordance with the purpose of stay. For more information see: www.utl.is and www.islandi.is.

Non-EEA citizens

Citizens who are not from the EEA, including citizens of Romania and Bulgaria, must apply for a residence permit before entering the country.

Applications for residence permits

Residence permits are classified according to purpose of stay. Purpose of stay must be clearly stated on the application form. For instance, are you coming to work? Are you coming to unite with your family? Are you coming to study? The purpose of your stay dictates what kind of a permit you must apply for and what documents you must submit with the application. For more information regarding documents, which must accompany applications see: www.utl.is.

Residence permits for spouses

Spouses of EEA citizens who are holders of a residence permit in Iceland may have the right to a permit in Iceland. The same applies for the spouses of non-EEA citizens holding a permanent residence permit in Iceland.

Residence permits for children

Parents who are the holders of permits may apply for their children's permits. Children born in Iceland must also apply for a residence permit.

Renewing permits

Applications for the renewal of residence permits should be submitted to the Directorate of Immigration at least one month prior to the expiration date of the permit. It is the responsibility of the individual to submit the application for renewal at the right time.

DVALAR- OG ATVINNULEYFI

Atvinnuleyfi

- Norrænir ríkisborgarar þurfa ekki atvinnuleyfi á Íslandi.
- Ríkisborgarar EES, fyrir utan Rúmeníu og Búlgaríu, þurfa ekki atvinnuleyfi á Íslandi.
- Ríkisborgarar utan EES, ásamt Rúmeníu og Búlgaríu, þurfa atvinnuleyfi áður en þeir koma til starfa á Íslandi. Atvinnuleitendur frá löndum utan EES geta ekki komið til Íslands sem ferðamenn og hafið störf hér.
- Ef einstaklingur er á Íslandi þegar sótt er um atvinnuleyfi fyrir hann í fyrsta sinn þarf hann að yfirgefa landið. Til eru undantekningar frá þessu skilyrði sem Vinnumálastofnun gefur upplýsingar um. Sjá nánar á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vmst.is og www.island.is.

Ríkisborgarar utan EES

Atvinnurekandi sækir um atvinnuleyfi en ekki starfsmaðurinn. Þegar atvinnurekandi sækir um atvinnuleyfi eða framlengingu á atvinnuleyfi skilar hann umsókn útlendingans um dvalarleyfi, eða framlengingu um dvalarleyfi, ásamt umsókn sinni um atvinnuleyfi til Útlendingastofnunar. Útlendingastofnun sendir umsóknina um atvinnuleyfið til Vinnumálastofnunar sem hefur heimild til að veita atvinnuleyfi. Umsókn um framlengingu á atvinnuleyfi þarf að berast Vinnumálastofnun minnst einum mánuði áður en gildandi atvinnuleyfi rennur út. Það er á ábyrgð atvinnurekanda að umsókn um framlengingu á atvinnuleyfi sé lögð inn hjá Útlendingastofnun nógu snemma. Sjá nánar um atvinnuleyfi á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is, www.eures.is og á www.island.is.

Dvalar- eða atvinnuleyfi í öðru EES-ríki gildir ekki á Íslandi.

Upplýsingar um dvalarleyfi er að finna á www.utl.is og um atvinnuleyfi á www.vinnumalastofnun.is. Einnig er hægt að finna upplýsingar um dvalar- og atvinnuleyfi á www.island.is.

RESIDENCE AND WORK PERMITS

Work Permits

- *Citizens of the other Nordic countries do not need a permit to work in Iceland.*
- *Citizens of the EEA, with the exception of citizens of Romania and Bulgaria, do not need a work permit to work in Iceland.*
- *Non-EEA citizens, including citizens of Romania and Bulgaria, must have been issued a work permit before entering Iceland. Non-EEA citizens may not come to Iceland as tourists and begin working.*
- *Individuals applying for a work permit must leave the country at the time of applying. There are exceptions to this rule. For more information see the website of the Directorate of Labour at: www.vmst.is or www.island.is.*

Non-EEA citizens

Employers apply for work permits, not individual employees. When the employer applies for a work permit or renewal of a work permit, he submits the application for a residence permit and the application for a work permit to the Directorate of Immigration. The Directorate of Immigration forwards the work permit application to the Directorate of Labour, which has the authority to grant work permits. Applications for extensions of work permits must be handed to the Directorate of Labour one month before the current work permit expires. Submitting the work-permit renewal application at the correct time is the responsibility of the employer. For more about work permits see these websites: www.vinnumalastofnun.is, www.eures.is, and www.island.is.

Residence and work permits issued in other EEA countries are not valid in Iceland.


Information about residence permits may be found at www.utl.is and about work permits at www.vinnumalastofnun.is. Information regarding permits is also at www.islandi.is, and www.ahus.is.

VINNA Á ÍSLANDI

Á Íslandi semja stéttarfélög við atvinnurekendur um laun og önnur réttindi launafólks í formi kjarasamninga. Í kjarasamningum eru ákvæði um laun, rétt til launa í veikinda- og slysaforföllum, vinnu- og hvíldartíma, orlof og fleira. Laun sem samið er um í ráðningarsamningum þurfa að vera í samræmi við gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgrein. Á Íslandi eru reglur um lágmarkslaun. Ákvæði í ráðningarsamningi starfsmanns um lakari kjör en kjarasamningur segir til um eru ólögleg og ógild. Allt launafólk nýtur réttinda sem fram koma í kjarasamningum. Stéttarfélögin aðstoða einstaklinga til dæmis ef þeir hafa ekki fengið greidd laun. Stéttarfélög taka í sumum tilvikum þátt í að greiða fyrir ýmis námskeið, þar með talið íslenskunámskeið.

Hvernig er hægt að finna atvinnu?

Störf eru auglýst í dagblöðum, en upplýsingar um störf má einnig finna á vefjum sumra fyrirtækja. Þá er hægt að skrá sig hjá vinnumiðlunum sem aðstoða við atvinnuleit. Sjá nánar á vef Vinnumálastofnunar, www.vmst.is og EES Vinnumiðlun, www.eures.is.




WORKING IN ICELAND

In Iceland, the labour unions bargain with employers about wages and other rights of workers. The agreement reached is called a collective bargaining agreement. In the collective bargaining agreement, there are decisions about wages, sickness and accident compensation, working hours, time off, holidays and more. Wages agreed upon in individual work contracts must be in accordance with the current collective bargaining agreement for that job title. In Iceland, there are rules regarding minimum wages. A work contract with lower wages, less vacation time or less rights, than what is stated in the collective bargaining agreement is illegal and makes the contract invalid. All workers enjoy the rights stated in the collective bargaining agreement. Trade and labour unions assist those workers who have not been paid the correct salary. Most unions participate in the costs for various training and education courses, including Iceland lessons.

Where to find work in Iceland

Jobs are advertised in newspapers, on the Internet and sometimes on the websites of individual companies. It is also possible to register at the public employment agency. For more information, go the website of the Directorate of Labour www.vfst.is and the European Employment Services at www.eures.is.



VINNA Á ÍSLANDI

Gott að hafa í huga vegna starfa á Íslandi:

- Ertu með skriflegan ráðningarsamning? EES-borgari sem vinnur tvo mánuði eða lengur fyrir sama atvinnurekanda á rétt á því að gerður sé við hann skriflegur ráðningarsamningur. Í ráðningarsamningi verður að koma fram nafn þitt og atvinnurekandans, upplýsingar um hvar og við hvað þú starfar, hvaða laun þú hefur, vinnu- og ráðningartíma, uppsagnarákvæði og aðild að lífeyrissjóði og stéttarfélagi.
- Eru þér greidd rétt laun samkvæmt kjarasamningi? Er vinnutími þinn lengri en lög og kjarasamningar leyfa? Hefur þú fengið orlof í samræmi við lög og kjarasamninga? Hafa þér verið greidd laun þegar þú ert frá vinnu vegna veikinda eða slysa?
- Færðu launaseðil þegar laun þín eru greidd út? Launaseðill er skrifleg staðfesting um fjárhæð launa þinna og hvað atvinnurekandi hefur dregið af launum þínum, svo sem í skatt.
- Skilar atvinnurekandi skatti af launum þínum? Skilar hann gjöldum til lífeyrissjóðs og stéttarfélags? Allt launafólk á að borga í lífeyrissjóð, það fær greitt úr lífeyrissjóði þegar það lýkur störfum vegna aldurs eða veikinda.
- Ert þú með menntun frá heimalandi þínu? Fáðu þessa menntun viðurkennda á Íslandi. Slíkt getur bætt stöðu þína á vinnumarkaðinum.
- Eru vandamál í samskiptum þínum við aðra á vinnustaðnum? Fáðu upplýsingar og aðstoð hjá stéttarfélagi, ASÍ, Alþjóðahúsi eða Fjölmenningssetri.

Hjá ASÍ er hægt að fá bækling um réttindi og skyldur á vinnumarkaði eða á www.asi.is.

Mat á námi.

Menntamálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hafa umsjón með námsmati og viðurkenningu á starfsréttindum erlendis frá. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er hægt á finna á vefnum, www.menntagatt.is.

Viðurkenning á löggiltum iðngreinum.

Menntamálaráðuneytið tekur við umsóknum um viðurkenningu á menntun til starfa í löggiltum iðngreinum.

WORKING IN ICELAND

Points to consider when working in Iceland:

- Do you have a written contract of employment? EEA citizens working for 2 months or longer for the same employer have the right to a written contract. The written contract should include your name, the employers name, information about where you work and what you do, working hours, length of contract, termination conditions, pension funds and union membership.
- Is your salary in accordance with the collective bargaining agreement? Are you working more hours than the law and collective bargaining agreement allow for? Have you received holiday or vacation time in accordance with the law and the collective bargaining agreement? Have you received wages during times of sickness or absence due to injury?
- Do you receive a payslip when your wages are paid? Payslips are written confirmation of your wages, and include deductions made by the employer such as taxes.
- Is your employer turning in your taxes? Is he making the proper payments to your pension fund and labour union? All workers must pay into a pension fund, which is paid out at retirement age.
- Do you have an education from your home country? Have your education recognised in Iceland. It may improve your position in the labour market.
- Are you having problems at work? Seek information and advice from your union, The Icelandic Confederation of Labour (ASÍ), The Intercultural Centre (Alþjóðahús) or The Information and Cultural Centre in Ísafjörður (Fjölmenningssetrið).

The Icelandic Confederation of Labour (ASÍ) has a booklet about labour rights in 9 languages. See: www.asi.is

Having your license and/or education evaluated.

The various ministries oversee the evaluating and recognising of education and licenses received abroad. For more information and the necessary application form see the following website published by the Ministry of Education: www.menntagatt.is.

Assessment and recognition of legally controlled professions-

The Ministry of Education accepts applications and requests for assessment and recognition of foreign education and qualifications in the legally controlled vocations and professions.

SKATTSKYLDA

Allir sem vinna á Íslandi eru skattskyldir. Launamenn greiða um 36% af launum í skatt. Skattkort gefur um 30.000 kr. í skattaafslátt á mánuði. Hægt er að nýta þann hluta af skattkortu sem hann nýtir ekki að fullu sjálfur. Atvinnurekendur verða að fá skattkort í hendur svo hægt sé að nýta skattaafslátt í staðgreiðslu. Skattayfirvöld gefa út skattkort. Greiddir skattar koma fram á launaseðli. Nauðsynlegt er að varðveita launaseðlana til að sanna að skattar hafi verið greiddir.

Skattframtal

Allir sem eru skattskyldir á Íslandi þurfa að skila skattframtali á hverju ári, venjulega í marsmánuði. Þar skal telja fram heildarlaun ársins á undan. Skattar eru lagðir á samkvæmt skattframtali og ef viðkomandi hefur greitt of mikið eða of lítið í skatt er það leiðrétt í ágúst sama ár og skattframtali er skilað. Talið er fram á netinu og er veflykill sendur á lögheimili allra skattgreiðenda, 16 ára og eldri. Sé skattframtali ekki skilað áætla skattstjóri tekjur og álögð gjöld eru reiknuð samkvæmt því.

Barnabætur

Greiddar eru barnabætur vegna barna yngri en 18 ára. Við ákvörðun barnabóta er tekið tillit til tekna foreldra eða forræðisaðila samkvæmt skattframtali.

Á netslóðinni www.rsk.is er að finna eyðublað skattframtals á sjö tungumálum og bækling um skattlagningu á Íslandi á átta tungumálum.



TAXES

Everyone working in Iceland must pay taxes. Individuals pay around 36% of their wages in taxes. Tax cards give about 30,000 ISK discount each month. Married couples may use each other's tax cards. Employers must have the tax card in order to calculate the tax discount. The tax authorities issue tax cards. The amount of taxes paid is stated on the pay slip. It is important to keep your pay slips in order to prove that taxes have been drawn off your salary.

Tax Returns

All those obliged to pay taxes in Iceland must submit a tax return each year, usually in March. On the tax return form all earned wages from the previous year must be listed. Taxes are calculated according to the amounts on the tax return and if the individual has paid too much or too little taxes, it will be corrected in August of the same year that the tax return was submitted. Tax returns may be filed electronically. The necessary password is sent home to the legal address of all taxpayers who are 16 years of age or older. If you do not file a tax return, the tax commissioner estimates your income and taxes are levied according to this estimate.

Child Maintenance Benefits

Child maintenance benefits are paid for children under 18 years of age. Benefits are adjusted according to the wages of the parents or guardians according to the filed tax return.

On the website of the Internal Revenue, there is information in 11 languages, including tax forms and returns: www.rsk.is.



HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA OG SJÚKRATRYGGINGAR

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir þurfa að borga fullt gjald fyrir lækniþjónustu og dvöl á sjúkrahúsum. Þeir sem hafa sjúkratryggingu greiða aðeins hluta gjaldsins. Upplýsingar um sjúkratryggingar má fá hjá Tryggingastofnun ríkisins sem birtir þær m.a. á heimasíðu sinni, www.tr.is, á ýmsum tungumálum.

Samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga eiga allir rétt á túlkun upplýsinga þegar þeir sækja þjónustu heilbrigðiskerfisins tali þeir ekki íslensku. Sé þörf á túlki þarf að taka það fram þegar tími er pantaður hjá lækni á heilsugæslustöð eða á sjúkrahúsi. Sé viðkomandi sjúkratryggður á Íslandi á hann rétt á endurgreiðslu kostnaðarins, annars ber hann kostnaðinn sjálfur.

Heilsugæsla og heimilislæknar

